

Fornleifakönnun í Engidal við Skutulsfjörð

Rúna Þráinsdóttir
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Október 2012
NV nr. 11-12

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR	3
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	3
2.2 AÐFERÐAFRÆÐI.....	5
3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR	5
3.1 SAGA.....	5
3.2 FORNLEIFASKRÁNING FOSSUM.....	7
Ís-150.....	7
4. NIÐURSTÖÐUR	12
5. KORT	13
6. HEIMILDIR	14

1. Inngangur

Fornleifaskráning þessi er gerð sökum þess að reisa á nýtt stöðvarhús og leggja nýja þrýstivatnspípu við Fossárvirkjun, sem er innarlega í Engidal við Skutulsfjörð. Gamla virkjunin var fyrst gangsett árið 1937 og þykir nú tímabært að skipta henni út. Engar breytingar verða gerðar á gömlu húsunum, en nýja stöðvarhúsið á að rísa um 750 m norðar en núverandi hús. Ný þrýstivatnspípa verður lögð að hinu nýja stöðvarhúsi. Efri hluti hennar mun liggja samsíða núverandi pípu en liggja lengra til norðurs skáhallt niður hlíðina. Þessi pípa verður niðurgrafin. Lagfæra þarf vegslóðann sem liggur upp að Fossavatni. Engar breytingar verða á stíflunni við Fossavatn, sem er miðlunarlón virkjunarinnar.

Orkubú Vestfjarða ohf. stendur fyrir framkvæmdunum, sem munu væntanlega hefjast vorið 2013. Vettvangsvinnu vann Rúna Þráinsdóttir fornleifafræðingur og sá jafnframt um skýrsluskrif ásamt Margréti Hallmundsdóttur.

Í skýrslunni aftast eru sýnd kort yfir þær fornminjar sem fundust við skráningu á vettvangi. Allar þær minjar voru mældar inn með GPS-stöð og má sjá útlínur fornminjanna og afstöðuna milli þeirra. Ljósmyndir tók Rúna Þráinsdóttir.

2. Markmið og aðferðir

2.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- 1 búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- 2 vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- 3 gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- 4 gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- 5 virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- 6 gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- 7 áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- 8 haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim. Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á

verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskygni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi, en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir innan skipulagssvæðis voru skráðir og teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með nákvæmu GPS mælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af þeim.

3. Skrá yfir fornleifar

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (d. Hlíð 141416) og hins vegar Jarðatali Johnsens frá 1847 (d. Hlíð- 158). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS- Hlíð 141416 -158-001). Allar skráðar fornleifar fá númer er tilheyrir þeirri jörð er þær standa á og fá númer þeirrar jarðar er þær tilheyrðu við ritun Jarðatals Johnsens.

3.1 Saga

Fornleifafræðingarnir Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher skráðu fornleifar í Eyrarhreppi í Skutulsfirði. Skýrsla þeirra kom út árið 2002 (sjá heimildaskrá) og er prýðileg lesning. Fornleifafræðingarnir gengu um hreppinn og skráðu fornleifar sem þeir fundu. Einnig sóttu þeir heimildir í túnakort og ræddu við heimildamenn.

Sagan er sótt í skýrslu þeirra. Þar segir að í Jarðabók Johnsen frá 1847 séu 13 lögbylí skráð í Eyrarhreppi, en nú sé aðeins búið á einni jörð, í Engildal. Aðrar jarðir hafi annað hvort lagst í eyði eða horfið undir Ísafjarðarbæ og Hnífsdal.

Jarðir við Skutulsfjörð eru nefndar í Landnámabók. Líklega hefur verið búið á Eyri og nefnd er Skálavík, sem hefur trúlega verið við sunnanverðan Skutulsfjörð. Einnig er talið líklegt að bú hafi verið reist snemma við annað hvort Kirkjuból eða Engildal og má jafnvel telja að þessar jarðir hafi verið komnar í byggð fyrir 1100. (Ragnar og Maher 2002, bls. 6-7)

Af þessu sést að sumar af þeim rústum er sjá má í Engidal geta verið orðnar býsna gamlar.

Þegar rýnt er í jarðabækur, til dæmis Jarðabók Árna Magnússonar, má sjá að bændur í Eyrarhreppi hafi byggt afkomu sína að mestu leyti á landbúnaði, einkum sauðfjár- og kúabúskap, en fiskveiðar hafi skipt minna máli en víða annars staðar á Vestfjörðum. (Ragnar og Maher 2002, bls. 8)

3.2 Fornleifaskráning Fossum

Ís-150

Í miðju túninu sem er norður af núverandi rafstöð er hóll nokkur úfinn og ósleginn. Hann er orðinn gamall og gróinn. Sjá má enn uppistandandi vegg. Erfitt er orðið að greina á milli rústa, en sjá má þó að þarna hafa staðið nokkur hús, þó að notkun þeirra sé orðin nokkuð óljós. Í bæjarhólnum eru skráðar nokkrar rústir.

ÍS-150:001

Tegund: Bæjarhóll

Hlutverk: Býli

Staðsetning: N620623-E311060



Bæjarhóllinn á Fossum.

„Farið er inn í Engidal og framhjá sjálfu bæjarstæði Engidals, sunnan Langár rétt við virkjunina er bæjarstæðið. Bæjarstæðið stendur í miðju ræktuðu túni.

Öll hús á bæjarstæðinu standa óhreyfð. Bærinn var yfirgefinn árið 1926 vegna taugaveiki. Bæjarstæðið hefur verið óhreyft síðan en tún hafa verið sléttuð og eru enn nýtt.“ (Ragnar Edvardsson og Maher, bls. 52.)

ÍS-150:006

Tegund: Tóft

Hlutverk: Hlaða

Staðsetning: N620616-E311064

Þetta útihús er mjög nálægt gamla bænum og stendur rétt fyrir aftan hann. Húsið er tvö hólf, er annað stórt með háa vegg en hitt minna. Stærri hólfíð gæti hafa verið hlaða. Hið minna er með garði innst og hefur því vísast verið fjárhús.

ÍS-150:007**Tegund:** Tóft**Hlutverk:** Útihús**Staðsetning:** N620836-E311203

Lengra í suður frá áður nefndum rústum eru aðrar nokkuð uppistandandi með tveimur hólfum. Gæti verið þriðja hólf, en allt er fremur

Útihús sem síðar varð íbúðarhús.

ógreinilegt í miklu þýfi og skorningum. Sést í grjót á nokkrum stöðum. Rústirnar eru grónar mosa. Innanmál hólfanna er um 2 m á hvorn veg. Vegg hæð er allt að 1 m.

Í skýrslu Ragnars og Maher stendur að hús þetta hafi staðið um 50-60m norðaustur frá bæjarstæðinu, en um 1926 hafi íbúðarhús verið byggt á rústum þessa útihúss. Húsið sem reist var þarna var svo flutt inn á Ísafjörð. Eingöngu hluti grunnsins sé sýnilegur. Þarna gæti hafa verið fjós eitt sinn. (Bl. 53, 54)

ÍS-150:010**Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Kálgarður**Staðsetning:** N620635-E311045

Kálgarðurinn við bæjarhólinn.

Við vestanverðan bæjarhólinn er afmarkaður garður allstór. Garðurinn er nokkuð hækkaður upp og er mjög greinilegur. Hann er ferhyrndur og er nálægt

rústum á bæjarhólnum. Víða eru veggir um hálfur metrí á hæð en í norðurenda nær hann metra á hæð og jafnvel ríflega það. Þar sést hleðslugrjótið vel, en er annars gróinn. Þess má geta að í norðurhluta garðsins er gróðurinn allt öðruvísi en í sinugrónum syðri helmingnum.

ÍS-150:011**Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Túngarður**Staðsetning:** N620640-E311114

Túngarður teygir sig frá norð-vesturhorni túnsins og eftir endilangri austurhliðinni. Hann byrjar í norðri við hliðið þar sem tröðin liggur inn á túnið og teygir

Hér sést í gamla túngarðinn undir þeim nýja.

sig í suðri út fyrir núverandi girðingu og endar í sveig niður við læk. Sennilega hefur hann náð í kringum túnið við gamla bæinn, en hluti hans hefur orðið túnasléttun að bráð. Á nokkrum stöðum í túngarðinum má sjá hleðslu, einkum þar sem lækir skera garðinn, en garðurinn er líklega mest úr torfi. Túngarðurinn er gróinn vel, hann er um 0,7 m hár og um metri á breidd. Ofan í túngarðinum er nýleg girðing sem afmarkar núverandi tún.

ÍS-150:012**Tegund:** Tóftir**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** N620564-E310965

Í túni beint austur af bústaðnum við rafstöðina er partur af rústum. Rústirnar eru í miðju sléttu túni og má telja sennilegast að hluti rústanna hafi verið sléttaður. Rústirnar eru lág þúst. Sjá má skína í steina í suðausturhorninu, eina til tvær raðir. Annars mjög grónar grasi.

ÍS-150:013**Tegund:** Þúst**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** N620568-E310936

Um 10-15 m suðaustur af bústaðnum við rafstöð eru tvær fremur greinilegar dældir í túninu hlið við hlið. Sú stærri er hringlaga, um 1 m í þvermál. Mjög sléttar orðnar.

*Dældirnar tvær í túni.***ÍS-150:014****Tegund:** Vegur**Hlutverk:** Bæjartröð**Staðsetning:** N620811-E311226

Sjá má um tveggja metra breiða upphækkun sem hefur verið vegur. Hann liggur til suðurs að hliði inn á tún sem nær að sumarbústaðnum við rafstöðina. Nyrðri endinn er skýr frá lækjarfarvegi. Vegurinn er rofinn á nokkrum stöðum af lækjum.

*Upphækkaður vegur.***ÍS-150:015****Tegund:** Hleðsla**Hlutverk:** Vegur**Staðsetning:** N620744-E311140

Við veginn inn á túnið sem nær út að rafstöð í norður er hleðsla, mjög líklega til að hækka upp veginn.

3 umför eru sjáanleg, steinninn er vaxinn mosa.

*Upphækkun á vegi*

ÍS-150:016**Tegund:** Hleðsla**Hlutverk:** Brú**Staðsetning:** N620657-E311073

Hleðsla er þar sem tröðin fer yfir læk skammt frá bæjarrústum. Trúlega hefur þarna verið brú.

*Brúin.***ÍS-150:017****Tegund:** Garðlag**Hlutverk:** Rétt?**Staðsetning:** N621021-E311270

Nálægt vegslóða sem liggur yfir Langá og upp eftir hlíðinni í austur er garður sem afmarkar nokkuð stóran blett, u.þ.b. 15x30 m². Garðurinn

*Garður.*

er 10-15 m austan við ána, er um hálfur metri á hæð og gróinn vel. Sjá má í hleðslu, einkum á einum stað. Bakkinn sem snýr að ánni er nokkuð hár og eyddur að hluta vegna búfjár og líka vegna lækjar sem rennur í gegn. Garðurinn stendur í mýri.

ÍS-150: 018**Tegund:** Tóft**Hlutverk:** Óþekkt**Staðsetning:** N620967-E311278

Ofan við garðinn, í austurátt, eru vel grónar rústir. Þær eru ekki mjög augljósar, enda í kargabyfi. Gólfín eru sléttari en í kring en veggir eru óljósari. Veggir eru um 70 cm háir og mjög grónir, en þó má sjá skína í stöku steina. Greina má sennilega þrjú hólf í þessum rústum. Ysta hólfíð, það nyrsta, er um tveir og hálfur metri á annan veginn og þrír á hinn.




Næsta hólf, í miðju, er ógreinilegra og eru *Mjög grónar rústir.* veggir óljósari, en sjá má slétta flöt þar sem gólf ætti að vera.

Þriðja hólfíð og syðsta er meira eins og dæld í þýfinu og eru veggir fremur ógreinilegir, þó má sjá í hleðslusteina. Innanmál er um 3x3 m². Vegghæð er lítil. Þetta hólf hallast nokkuð í átt að ánni.

4. Niðurstöður

Fornleifafræðingur gekk um kring þar sem nýja stöðin á að standa og inn eftir að gömlu stöð og skráði þær fornleifar sem urðu á vegi hans. Svo virðist sem tvennar rústir séu í mestri hættu, en það eru þær tvær síðast nefndu, númer 150:17 og 150:18. Aðrar rústir virðast lenda utan við framkvæmdasvæði. En að sjálfsgöðu ber að fara að öllu með gát og tilkynna til Fornleifaverndar ríkisins tafarlaust ef menn telja að menningarminjar séu í hættu.



**NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA**



Skýringar:
 ● Númer minja
 & Uppdráttur

Fornleifakönnun í Engidal við Skutulsfjörð
 Kort: Nave/ Hulda B. Albertsdóttir
 Dags: 13.11.2012

6. Heimildir

Orkubú Vestfjarða ohf. 2012. *Endurnýjun Fossárvirkjunar í Engidal, Ísafjarðarbæ. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu, unnin fyrir Orkubú Vestfjarða ohf.* Gefin út þann 4. október 2012.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher. 2002. *Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ I. hluti Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning jarðanna Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból.* Útgefendur Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands. NVNR 8/02 Bolungarvík.